

MINNISBLAÐ

Dags: 8. apríl 2021

Til: Þórólfs Guðnasonar, sóttvarnarlæknis

Frá: Páli Torfa Öundurarsyni, yfirlækni blóðmeinafræði og storkumeinamiðstöðvar LSH.

Efni: Hugsanlegar frábendingar gegn notkun Astrazeneca covid-19 bóluefnis (Vaxzevria). Ritað í samráði við blóðmeinafræðinga á Landspítala.

1. Komið hafa upp mjög sjaldgæf tilfelli af cerebral sinus/vein thrombosis (CVT) og splanchnic thrombosis (ST) hjá sjúklingum 4-16 dögum eftir að fengu AZ bóluefni (AZB, Vaxzevria). Langflest tilfelli hafa verið hjá konum <55 ára og ástandið líkist að sumu leyti heparin induced thrombocytopenia and thrombosis syndrome (HITT). Mætti kalla VITT (vaccine induced thrombocytopenia and thrombosis syndrome) eða VIPIT (vaccine induced prothrombotic immune thrombocytopenia).
2. Skv. upplýsingum sem European Medicines Agency (EMA) gaf út þ. 7. apríl 2021 hafa greinst 87 CSVT og ST tilfelli hjá 25 milljónum einstaklinga sem fengið hafa AZB, þ.e. tæplega 1 af hverjum 300.000 bólusettum og 18 dauðsföll haf verið tengd þessari aukaverkun, þ.e. u.þ.b. 1 á hverja 1,400.000 bólusettra einstaklinga. Aukaverkunin er talin vera raunveruleg en hún er flokkuð sem afar sjaldgæf (“very rare”).
3. Í Bretlandi telja menn að hærri tíðni þessara áfalla hjá konum sé ekki raunveruleg heldur stafi af því að fleiri konur hafi fengið AZB (sbr. eru meirihluti heilbrigðisstarfsfólks). Það er hins vegar þekkt að í venjulegu árferði fá konur frekar bláæðasega í heilabláæðar en karlar, c.a. í hlutfallinu 3:1 og því er að mínu mati enn hugsanlegt að hættan sé heldur meiri hjá konum.
4. Evrópska lyfjastofnunin (EMA) hefur gefið út það álit að ávinningur notkunar bóluefnisins sé meiri en áhættan af VIPIT. AZB hindrar Covid-19 smit og fækkar alvarlegum tilfellum og dauðsföllum vegna Covid-19. Stofnunin mælir þó með því að fólk sem fær AZB sé varað við einkennum bláæðasega og ekki síst kviðverkjum eða höfuðverk og sjóntruflunum fyrstu tvær vikurnar eftir sprautuna. Fá slíkt fólk einkenni sem þessi skuli það leita læknis.
5. Niðurstaða EMA er að flestir megi fá AZB (Vaxzevria). Við erum því sammála en teljum að sé þess kostur sé ráðlegra að eftirtaldir fái frekar Pfizer eða Moderna bóluefni:
 - a. Konur <55 ára
 - b. Fólk með fyrri sögu um sjálfsprottna bláæðasega (“unprovoked” VTE) hvort heldur er á blóðþynningu eður ei.
 - c. Fólk með sterka bláæðasegahneigð, t.d. myeloproliferatif syndrome, PNH, JAK-2 stökkbreytingu, lupus anticoagulant (LA)/(antiphospholipid antibody syndrome (APA), lenalidomide/antiangiogenic meðferð í myeloma.
 - d. Segavarnir Landspítala (sími 543-5005, segavarnir@lsh.is) veita nánari upplýsingar innan ofangreinds ramma.